

Leiðbeiningar til nýs starfsfólks Húnaþings vestra

Skil á gögnum:

Nýtt starfsfólk Húnaþings vestra þarf í samráði við yfirmann sinn að skila ýmsum gögnum og upplýsingum til launafulltrúa.

1. Nýting persónuafsláttar.

Nauðsynlegt er að skrá sig inn á þjónustusíðu RSK með rafrænum skilríkum. Þegar innskráningu er lokið er á síðunni flípi sem heitir Yfirlit launagreiðanda. Velja skal þann flípa og sækja pdf skjal. Það skjal er síðan hægt að prenta út og/eða senda beint á launafulltrúa í tölvupósti á netfangið

lindasoley@hunathing.is

Skattþrep: Ef óskað er eftir að greiða í hærra skattþrep þarf að láta launafulltrúa vita af því og einnig ef nýta á persónuafslátt maka (þá þarf einnig að skila yfirliti launagreiðanda vegna makans).

2. Prófskírteini og nám:

Ófaglært starfsfólk:

Starfsfólk sem ráðið er skv. kjarasamningi Samstöðu eða Kjalar þarf að skila skírteini vegna stúdentsprófs og/eða annars viðbótarnáms sem lokið er. Hækkun vegna náms tekur gildi um næstu mánaðarmót eftir að slík gögn berast.

Faglært starfsfólk:

Skila þarf inn prófskírteinum og leyfisbréfum (þar sem við á) vegna fagnáms.

Hækkun vegna viðbótarnáms tekur gildi um næstu mánaðarmót eftir að staðfesting berst.

3. Starfstímavottorð

Skila þarf starfstímavottorði vegna persónuálags, þ.e. staðfesting fyrri vinnuveitanda á starfstíma. Hafi félagsmaður Stéttarfélagsins Samstöðu eða Kjalar starfsreynslu frá öðru stéttarfélagi er hún metin, óháð hvaða starfi hann gegndi þar. Hafi einstaklingur starfsreynslu frá ríki eða úr fyrirtæki á almenna markaðnum er hún metin ef um er að ræða sambærilegt starf við það sem hann gegnir hjá Húnaþingi vestra. Fyrri starfsreynsla félagsmanna í fagstéttarfélögum

er metin. Vegna veikindaréttar er tekið tillit til starfsreynslu frá ríki og öðrum sveitarfélögum.

4. Séreignasparnaður

Ef starfsfólk hyggst greiða í séreignasjóð þarf að skila samningi þar um. Athugið að í þeim tilfellum sem einstaklingur hefur áður starfað hjá Húnaþingi vestra og greitt í séreignasjóð þá gerist það ekki sjálfkrafa að greitt verði í séreignasjóð þegar hann ræður sig aftur til starfa. Samningur um sparnað þarf að liggja fyrir ásamt beiðni frá starfsmanni þess efnis að greitt verði í viðkomandi sjóð.

5. Starfsmannafélag

Starfsmannafélag er starfrækt hjá Húnaþingi vestra. Stendur það félag fyrir uppákomum eins og árshátíð starfsmanna annað hvert ár og jólahlaðborð starfsmanna annað hvert ár þar sem þetta skiptist á. Einnig hefur starfsmannafélagið staðið fyrir öðrum uppákomum. Við ráðningu er gert ráð fyrir því að greitt sé í starfsmannafélag en vilji starfsmaður ekki vera aðili má senda tölvupóst á launafulltrúa þar um. Dregið er af launum starfsmanns í hverjum mánuði gjald sem er í dag kr. 2.000.

6. Stefnur sveitarfélagsins í starfsmanna- og mannauðsmálum

Allt nýtt starfsfólk er hvatt til að kynna sér skjöl er varða starfsfólk á heimasíðu sveitarfélagsins.

<https://www.hunathing.is/is/stjornsysla/starfsfolk/starfsmannasida>